Reykjavíkurborg

Reykjavík, 25. janúar 2022
FAS22010035

Borgarráð

**Viðaukar við fjárhagsáætlun 2022**

## 1. Barnavernd Reykjavíkur – aukning stöðugilda

Lagt er til að fjárheimildir velferðarsviðs hækki um 121.041 þ.kr. vegna styrkingu á starfsemi Barnaverndar Reykjavíkur um sjö stöðugildi. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð.

| Svið | Kostn.st. | | | Fjárhæð (þkr.) |
|---|---|---|---|---|
| ÖNN | 09205 | Ófyrirséð (ÖNN) | Frá | -121.041 |
| VEL | xxx | Barnaverd Reykjavíkur | Til | 121.041 |
| | | | **Samtals** | **0** |

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar og samstæðu. Jafnréttisskimun hefur farið fram og ekki er talið þörf á jafnréttismati.

***Greinargerð:***
Vísað til samþykktar borgarráðs frá 2. júlí 2020 liður 38, mál R20060284, Covid -19 – Tillaga um tímabundna styrkingu Barnaverndar Reykjavíkur um 10 stöðugildi. Áætlaður kostnaður var 30.000 þ.kr. árið 2020 og 116.000 þ.kr. árið 2021, auk þess sem ákveðið var að fjárheimildin yrði endurskoðuð á árinu 2021 samfara fjárhagsáætlun ársins 2022. Fjárheimild vegna 10 stöðugilda á árinu 2022 er áætluð 121.041 m.kr. Í samþykktinni var gert ráð fyrir að fjárheimild yrði endurskoðuð samfara fjárhagsáætlun 2022, í því sambandi yrði hugað að samstarfi Barnaverndar við þjónustumiðstöðvar í hverfum Reykjavíkurborgar, verkaskiptingu þar á milli og hvaða þjónustu hægt væri að veita úti í hverfum. Hafðar yrðu til hliðsjónar niðurstöður úttektarskýrslna sem liggja fyrir um Barnavernd Reykjavíkur.

## 2. Þriggja ára tilraunaverkefni – frístundir í Breiðholti

Lagt er til að fjárheimildir velferðarsviðs hækki um 37.600 þ.kr. vegna tilraunaverkefnis um frístundir í Breiðholti. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð.

| Svið | Kostn.st. | | | Fjárhæð (þkr.) |
|---|---|---|---|---|
| ÖNN | 09205 | Ófyrirséð (ÖNN) | Frá | -37.600 |
| VEL | xxx | Frístund í Breiðholti | Til | 37.600 |
| | | | **Samtals** | **0** |

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar og samstæðu. Jafnréttisskimun hefur farið fram og ekki er talið þörf á jafnréttismati.

***Greinargerð:***
Vísað til samþykktar borgarráðs frá 27. ágúst 2020 liður 15, mál R20050097, Frístundir í Breiðholti – Þriggja ára tilraunaverkefni (2020 – 2023).

**3. Tímabundin fjölgun sérfræðinga til að vinna úr áhrifum Covid-19 á börn og unglinga**
Lagt er til að fjárheimildir velferðarsviðs hækki um 100.00 þ.kr. vegna tímabundinnar fjölgunar sérfræðinga til að vinna úr áhrifum Covid-19 á börn og unglinga. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð.

| Svið | Kostn.st. | | | Fjárhæð (þkr.) |
|---|---|---|---|---|
| ÖNN | 09205 | Ófyrirséð (ÖNN) | Frá | -100.000 |
| VEL | xxx | Fjölgun sérfræðinga v. Covid-19 | Til | 100.000 |
| | | | **Samtals** | **0** |

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar og samstæðu. Jafnréttisskimun hefur farið fram og ekki er talið þörf á jafnréttismati.

***Greinargerð:***
Vísað er til samþykktar borgarráðs frá 1. júlí 2021 liður 22, mál R21060073, tillaga um tímabundna fjölgun sérfræðinga til að vinna úr áhrifum Covid-19 á börn og unglinga. Samþykkt var að veita 140.000 þ.kr. vegna verkefnisins og óskar velferðarsvið eftir að fjárheimildir hækki um 40.000 þ.kr. árið 2021 og 100.000 þ.kr. árið 2022.

**4. Ás styrktarfélag – nýr samningur og kjarabætur 2022**
Lagt er til að fjárheimildir velferðarsviðs hækki um 229.864 þ.kr. vegna Ás styrktarfélags. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09126, launa- og starfsmannakostnaður.

| Svið | Kostn.st. | | | Fjárhæð (þkr.) |
|---|---|---|---|---|
| ÖNN | 09126 | Launa- og starfsm.kostn | Frá | -229.864 |
| VEL | F4120 | ÁS - kjarabætur 2022 | Til | 92.640 |
| VEL | F4120 | Ás - nýr samningur- óbætt | Til | 137.224 |
| | | | **Samtals** | **0** |

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar og samstæðu. Jafnréttisskimun hefur farið fram og ekki er talið þörf á jafnréttismati.

***Greinargerð:***
Vísað til samþykktar borgarráðs frá 9. september 2021 liður 12, mál R21080187, Tillaga um þjónustusamning við Ás styrktarfélag. Nýr þjónustusamningur við Ás styrktarfélag gerði ráð fyrir að auka þyrfti fjárheimildir velferðarsviðs um 297.198 þ.kr. á ársgrundvelli. Á árinu 2021 voru fjárheimildir vegna Ás hækkaðar um 159.974 þ.kr. vegna kjarasamningshækkana áranna 2020 og 2021. Nú eru fjárheimildir hækkaðar um þann mismun sem eftir stendur á nýja samningnum og hækkunum 2021 eða um 137.224 þ.kr. Einnig eru fjárheimildir hækkaðar vegna kjarabóta á árinu 2022 um 92.640 þ.kr.

**5. Konukot – nýr samningur**
Lagt er til að fjárheimildir velferðarsviðs hækki um 24.559 þ.kr. vegna breytts samnings um reksturs Konukots. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð.

| Svið | Kostn.st. | | | Fjárhæð (þkr.) |
|---|---|---|---|---|
| ÖNN | 09205 | Ófyrirséð (ÖNN) | Frá | -24.559 |
| VEL | F3270 | Konukot | Til | 24.559 |
| | | | **Samtals** | **0** |

Reykjavíkurborg

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar og samstæðu. Jafnréttisskimun hefur farið fram og ekki er talið þörf á jafnréttismati.

***Greinargerð:***
Vísað til samþykktar borgarráðs frá 6. janúar 2022 liður 14, mál MSS21120174, Tillaga um viðbótarfjármagn vegna samnings um rekstur Konukots.

**6. Hópkennsla í hljóðfæraleik**

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs hækki um 12.700 þ.kr. vegna ókeypis hópakennslu í hljóðfæraleik í Árbæjarskóla. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð.

| Svið | Kostn.st. | | | Fjárhæð (þkr.) |
|---|---|---|---|---|
| ÖNN | 09205 | Ófyrirséð (ÖNN) | Frá | -12.700 |
| SFS | xxx | Hópakennsla í hljóðfæraleik | Til | 12.700 |
| | | | **Samtals** | **0** |

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar og samstæðu. Jafnréttisskimun hefur farið fram og ekki er talið þörf á jafnréttismati.

***Greinargerð:***
Framlag sem samþykkt var í borgarstjórn við síðari umræðu fjárhagsáætlunar 2022 þann 7. desember 2021. Skóla- og frístundasvið getur nýtt fjármagnið til að bjóða upp á fría hópakennslu í hljóðfæraleik í Árbæjarskóla. Kennt verður á píanó (allir aldurshópar), rafgítar (unglingastig) og samspil, trommur-gítar-hljómborð-bassi (unglingastig). Um er að ræða tilraunaverkefni til tveggja ára í samstarfi við Tónlistarskóla Árbæjar með því að kosta eitt stöðugildi tónlistarkennara. Árlegur kostnaður nemur 12.700 þ.kr.

**7. Stuðningur við ráðningar- og mannauðsmál í leikskólum**

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs hækki um 20.000 þ.kr. vegna aukins stuðnings við ráðningar- og mannauðsmál í leikskólum. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð.

| Svið | Kostn.st. | | | Fjárhæð (þkr.) |
|---|---|---|---|---|
| ÖNN | 09205 | Ófyrirséð (ÖNN) | Frá | -20.000 |
| SFS | Dxx | Leikskólar - stuðningur við ráðningar | Til | 20.000 |
| | | | **Samtals** | **0** |

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar og samstæðu. Jafnréttisskimun hefur farið fram og ekki er talið þörf á jafnréttismati.

***Greinargerð:***
Vísað til samþykktar borgarráðs frá 6. janúar 2022 liður 17, mál MSS22010084, aukinn stuðningur við leikskóla varðandi ráðningar- og mannauðsmál – tillögur að næstu skrefum í tengslum við að manna nýja leikskóla og leikskóladeildir.

## 8. Viðbótarframlag til Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss vegna Covid-19

Lagt er til að fjárheimildir menningar- og ferðamálasviðs hækki um 116.000 þ.kr. sem verði heimilt að veita sem viðbótarframlag til Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss á árinu 2022. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð.

| Svið | Kostn.st. | | | Fjárhæð (þkr.) |
|---|---|---|---|---|
| ÖNN | 09205 | Ófyrirséð (ÖNN) | Frá | -116.000 |
| MOF | xxx | Harpa tónlistarhús | Til | 116.000 |
| | | | **Samtals** | **0** |

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar og samstæðu. Jafnréttisskimun hefur farið fram og ekki er talið þörf á jafnréttismati.

***Greinargerð:***

Framlag sem samþykkt var í borgarstjórn við síðari umræðu fjárhagsáætlunar 2022 þann 7. desember 2021. Framlagið verði nýtt til að mæta erfiðri fjárhagsstöðu Hörpu sökum lokunar og annarra aðgerða í rekstri vegna Covid-19. Gerður er fyrirvari um sambærilegt framlag ríkisins sem fer með 54% eignarhlut í Hörpu á móti Reykjavíkurborg (46% eignarhlutur). Fjárhagsáætlun Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss gerir ráð fyrir að EBIDTA verði neikvæð sem nemur 252,2 m.kr. og tekur tillaga um viðbótarframlag mið af því. Um er að ræða aukaframlag til eins árs.

## 9. Lýðheilsusjóður

Lagt er til að fjárheimildir skrifstofu borgarstjóra og borgarritara hækki um 30.000 þ.kr. vegna stofnun lýðheilsusjóðs. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð.

| Svið | Kostn.st. | | | Fjárhæð (þkr.) |
|---|---|---|---|---|
| ÖNN | 09205 | Ófyrirséð (ÖNN) | Frá | -30.000 |
| SBB | xxx | Lýðheilsusjóður | Til | 30.000 |
| | | | **Samtals** | **0** |

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar og samstæðu. Jafnréttisskimun hefur farið fram og ekki er talið þörf á jafnréttismati.

***Greinargerð:***

Framlag sem samþykkt var í borgarstjórn við síðari umræðu fjárhagsáætlunar 2022 þann 7. desember 2021. Framlagið verður nýtt til að stofna lýðheilsusjóð vegna átaksins Heilsueflandi samfélag. Um er að ræða tilraunaverkefni til eins árs sem felur í sér að koma á fót lýðheilsusjóð Heilsueflandi hverfa þar sem er úthlutað 30.000 þ.kr. til þjónustumiðstöðva sem deilist skv. íbúafjölda þar sem almenningur getur óskað eftir styrk til heilsueflandi verkefna í viðkomandi hverfi. Árlegur kostnaður nemur 30.000 þ.kr.

## 10. Lýðræðisstefna 2021 – 2030

Lagt er til að fjárheimildir mannréttindaskrifstofu hækki um 22.850 þ.kr. vegna lýðræðisstefnu. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð.

| Svið | Kostn.st. | | | Fjárhæð (þkr.) |
|---|---|---|---|---|
| ÖNN | 09205 | Ófyrirséð (ÖNN) | Frá | -22.850 |
| MAR | 01271 | Lýðræðisstefna - árl. kostn | Til | 4.250 |
| MAR | 01271 | Lýðræðisstefna - einskiptis | Til | 18.600 |
| | | | **Samtals** | **0** |

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar og samstæðu. Jafnréttisskimun hefur ekki farið fram.

***Greinargerð:***
Vísað er til samþykktar borgarráðs, 14. október 2021, máls R18010207, lýðræðisstefna Reykjavíkurborgar 2021 - 2030. Áætlaður kostnaður vegna innleiðingu og eftirfylgni lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar er áætlaður 22.850 þ.kr. á árinu 2022 umfram gildandi fjárheimildir. Þar af eru einskiptis aðgerðir 18.600 þ.kr. þar sem gert er ráð fyrir verkefnastjóra innleiðingar að störfum í 1 ár við innleiðingu stefnunnar. Á tímabilinu 2023 til 2026 er gert ráð fyrir árlegum viðbótarútgjöldum sem nemur 4.250 þ.kr. vegna borgaraþings og innleiðingar í grunnskólum Reykjavíkurborgar. Heildarkostnaður við innleiðingu stefnunnar vegna áranna 2022 – 2026 nemur 39.800 þ.kr.

## 11. Jafnlaunastofa - flutningur fjárheimilda milli sviða

Lagt er til að fjárheimildir sem nýttar verða í rekstur Jafnlaunastofu færist frá skrifstofu borgarstjóra og borgarritara til mannauðs- og starfsþróunarsviðs.

| Svið | Kostn.st. | | | Fjárhæð (þkr.) |
|---|---|---|---|---|
| SBB | xxx | vegna Jafnlaunastofu | Frá | -23.863 |
| MOS | xxx | vegna Jafnlaunastofu | Til | 23.863 |
| | | | **Samtals** | **0** |

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar og samstæðu. Jafnréttisskimun hefur ekki farið fram.

***Greinargerð:***
Kostnaður vegna Jafnlaunastofu verður greiddur af mannauðs- og starfsþróunarsviði. Vegna flutninga starfsmanna munu fjárheimildir verða fluttar frá skrifstofu borgarstjóra og borgarritara til mannauðs- og starfsþróunarsviðs.

## 12. Húsaleigustyrkur til Tónlistarfélags Árbæjar

Lagt er til að fjárheimildir íþrótta- og tómstundasviðs hækki um 10.000 þ.kr. vegna styrks til Tónlistarfélags Árbæjar. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205 ófyrirséð.

| Svið | Kostn.st. | | | Fjárhæð (þkr.) |
|---|---|---|---|---|
| ÖNN | 09205 | Ófyrirséð (ÖNN) | Frá | -10.000 |
| ITR | I9320 | Viðburðasamningur ÍBR | Til | 10.000 |
| | | | **Samtals** | **0** |

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Jafnréttisskimun hefur farið fram og ekki er talið þörf á jafnréttismati.

***Greinargerð:***
Vísað er til samþykktar borgarráðs, 15. desember 2021, máls MSS21120147, Samningar við félög og samtök. Samþykkti borgarráð þriggja ára samning um fjárstyrk til Tónlistarfélags Árbæjar árin 2022, 2023 og 2024 að fjárhæð 10.000 þ.kr.

## 13. Skipulagsbreytingar hjá umhverfis- og skipulagssviði

Lagt er til að gerðar verði eftirfarandi tilfærslur á fjárheimildum á milli þjónustuhluta á umhverfis- og skipulagssviði samhliða skipulagsbreytingu.

| Svið | Kostn.st. | | | Fjárhæð (þkr.) |
|---|---|---|---|---|
| USKES | 4000 | Framkvæmdir og viðhald mannvirkja (skrifst.) | Frá | -27.560 |
| USKES | 4001 | Byggingardeild | Frá | -26.330 |
| USKES | 4004 | Frumathuganir mannvirkjagerðar | Frá | -13.330 |
| USKES | 3260 | Rekstur og umhirða borgarlands (skrifstofa) | Frá | -16.440 |
| USKRK | U0100 | Sviðsstjóri | Frá | -12.560 |
| USKRK | U0200 | Stefnumótun og greining | Frá | -35.200 |
| USKRK | U3400 | Skrifstofa byggingarfulltrúa | Frá | -28.800 |
| USKRK | U3600 | Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar | Frá | -16.660 |
| USKES | 4005 | Viðhaldsdeild fasteigna | Til | 26.330 |
| USKES | 4010 | Verkefnastofa | Til | 57.550 |
| USKRK | U1120 | Eftirlitsdeild/Skilmálaeftirlit | Til | 45.240 |
| USKRK | U1500 | Þjónusta og samskipti | Til | 47.760 |
| | | | **Samtals** | **0** |

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimun.

***Greinargerð:***
Samkvæmt nýju skipuriti umhverfis- og skipulagssviðs er gert ráð fyrir að stofna tvær nýjar skrifstofur þ.e. skrifstofu þjónustu og samskipta og verkefnastofu. Því til viðbótar er gert ráð fyrir að stofna nýja deild á skrifstofu framkvæmda og viðhalds, viðhaldsdeild fasteigna og færa skilmálaeftirlit frá byggingafulltrúa og skrifstofu rekstrar og opinna svæða undir skrifstofu stjórnsýslu og gæða. Við samþykkt fjárhagsáætlunar 2022 voru samþykkt ný stöðugildi vegna þessara breytinga. Tillagan felur því einungis í sér tilfærslu stöðugilda og öðrum rekstrarkostnaði tengdum þeim á milli rekstrareininga innan umhverfis- og skipulagssviðs. 2 stöðugildi færast af byggingadeild SFV yfir á viðhaldsdeild fasteigna. 4 stöðugildi færast yfir á verkefnastofu þ.e. 1 frá skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, 1 frá frumathugun mannvirkjagerðar SFV og 2 frá skrifstofu SFV. 4 stöðugildi færast á nýja eftirlitsdeild skrifstofu stjórnsýslu og gæða, þ.e. 2 frá skrifstofu byggingarfulltrúa og 2 frá rekstri og umhirðu borgarlandsins, en annað einungis frá miðju ári 2022. Að lokum færast 3 stöðugildi yfir á skrifstofu þjónustu og samskipta, þ.e. 1 frá sviðstjóra og 2 frá stefnumótun og greiningu.

## 14. Endurmat starfa

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs, umhverfis- og skipulagssviðs, íþrótta- og tómstundasviðs, þjónustu- og nýsköpunarsviðs, velferðarsviðs, menningar- og ferðamálasviðs og skrifstofu borgarstjóra og borgarritara hækki/lækki um samtals 97.170 þ.kr. vegna endurmats á störfum. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205 ófyrirséð.

| Svið | Kostn.st. | | | Fjárhæð (þkr.) |
|---|---|---|---|---|
| ÖNN | 09205 | Ófyrirséð (ÖNN) | Til | -97.170 |
| SFS | xxx | Endurmat starfa - leiðr | Frá | -8.186 |
| USK | xxx | Endurmat starfa - leiðr | Frá | 320 |
| USKES | xxx | Endurmat starfa - leiðr | Frá | 911 |
| ITR | xxx | Endurmat starfa - leiðr | Frá | 3.880 |
| ITR | xxx | Endurmat starfa - nýtt mat | Frá | 5.633 |
| ÞON | xxx | Endurmat starfa - leiðr | Frá | 1.068 |
| VEL | xxx | Endurmat starfa - leiðr | Frá | -19.288 |
| VEL | xxx | Endurmat starfa - nýtt mat | Frá | 112.919 |
| SBB | xxx | Endurmat starfa - leiðr | Frá | 50 |
| MOF | xxx | Endurmat starfa - leiðr | Frá | -139 |
| | | | **Samtals** | **0** |

Reykjavíkurborg

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar og samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimun.

***Greinargerð:***
Um er að ræða leiðréttingu á fjárhæðum í fjárhagsáætlun 2022 auk þess sem um er að ræða nýtt starfsmat á stöðugildi teymisstjóra endurhæfingar, þjónustufulltrúa þjónustumiðstöðva og leiðbeinanda í félagsstarfi hjá velferðarsviði og frístundaráðgjafa verkefnastjórnunar í sérdeild hjá íþrótta- og tómstundasviði. Störf þessi voru samþykkt á fundum Starfsmatsnefndar á árinu 2021.

Dagur B. Eggertsson

## FMS-EBL-029 Jafnréttisskimun

| **Tilgangur jafnréttisskimunar:** |
|---|
| Með jafnréttisskimun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskimunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsröðun um ráðstöfun fjármuna. Fái tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif. |

**Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:**

| | |
|---|---|
| **Dagsetning:** | 8.4.2021 |
| **Svið:** | Velferðarsvið |
| **Unnið af:** | Halla hallgrímsdóttir |
| **Verkefni/tillaga:** | Barnavernd Reykjavíkur-aukning stöðugilda |
| **Þjónustuþáttur:** | Barnavernd |
| **Stofnun/kostn.st.:** | F9020 |
| **Fjárhæð:** | 121.040 þ.kr |
| **Annað:** | |

**Jafnréttisskimun:**

| **Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?** |
|---|
| Lagt er til hækkun fjárheimildar vegna áframhaldandi verkefni –aukning stöðugilda. Vísað til samþykktar borgarráðs frá 2. júlí 2020 liður 38, mál R20060284, Covid -19 – Tillaga um styrkingu Barnaverndar Reykjavíkur. Áætlaður kostnaður var 30.000 þ.kr. árið 2020 og 116.000 þ.kr. árið 2021, auk þess sem ákveðið var að fjárheimildin yrði endurskoðuð á árinu 2021 samfara fjárhagsáætlun ársins 2022. Nú hefur verið ákveðið að veita áframhaldandi fjárheimild vegna ársins 2022 og er kostnaðarmatið 121.041 m.kr. |
| **Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.** |
| Samþykkt tillögunnar sem slíkrar stuðlar að jöfnum barna rétti drengja og stúlkna. |
| **Hverjir eru markhópar tillögunnar? Beðið er um kyngreindar upplýsingar nema ómögulegt sé.** |
| Þjónusta er til barna af öllum kynjum með |
| **Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og jaðarsetta hópa? Rökstyðjið.** |
| Tillagan stuðlar að bættri þjónustu til barna sem þarfnast aðsoðar barnaverndar |
| **Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?[1]** |
| Nei |

[1] Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.

## Jafnréttisskimun

| Tilgangur jafnréttisskimunar: |
|---|
| Með jafnréttisskimun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskimunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsröðun um ráðstöfun fjármuna. Fái tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif. |

**Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:**

| | |
|---|---|
| **Dagsetning:** | 24.01.2022 |
| **Svið:** | Velferðarsvið |
| **Unnið af:** | Halla Hallgrímsdóttir |
| **Verkefni/tillaga:** | **Þriggja ára tilraunaverkefni-frístundir í Breiðholti** |
| **Þjónustuþáttur:** | Íþrótta- og frístundaþátttaka með áherslu á að auðvelda samfélagslega þátttöku, íslenskunám og félagslega aðlögun barna með mismundandi bakgrunn að íslensku samfélagi. |
| **Stofnun/kostn.st.:** | Þjónustumiðstöð Breiðholts |
| **Fjárhæð:** | 37.600 þ.kr |
| **Annað:** | |

**Jafnréttisskimun:**

| Hver er tillagan og hvert er markmið hennar? |
|---|
| Vísað til samþykktar borgarráðs frá 27. ágúst 2020, mál R20050097<br>Tilgangur þessa tilraunaverkefnis sem er til næstu þriggja ára gengur út á að auka notkun frístundakortsins í Breiðholti þar sem hún er minni en í öðrum hverfum borgarinnar. Markmið verkefnisins er að auka nýtingu frístundakortsins og þátttökuhlutfall barna í íþrótta- og frístundastarfi í Breiðholti til jafns við meðaltal í Reykjavík. Að auðvelda samfélagslega þátttöku, íslenskunám og félagslega aðlögun barna með mismunandi bakgrunn að íslensku samfélagi. Þetta verði gert með því að hækka hvert kort í Breiðholti úr 50 þ.kr í 80 þ.kr. Hægt verði að prófa margar mismunandi íþróttagreinar, ókeypis verði í frístundarútuna, að öflug kynning verði á valmöguleikum frístunda ásamt fjölda annarra aðgerða. |
| **Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.** |
| Nýtist börnum af öllum kynum |
| **Hverjir eru markhópar tillögunnar? Beðið er um kyngreindar upplýsingar nema ómögulegt sé.** |
| Börn |
| **Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og jaðarsetta hópa? Rökstyðjið.** |
| Tillagan hefur stuðlað að jafnrétti barna til frístunda |
| **Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?[2]** |
| Nei |

[2] Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.

## FMS-EBL-029 Jafnréttisskimun

| **Tilgangur jafnréttisskimunar:** |
|---|
| Með jafnréttisskimun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskimunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsröðun um ráðstöfun fjármuna. Fái tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif. |

**Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:**

| | |
|---|---|
| **Dagsetning:** | 7.4.2021 |
| **Svið:** | Velferðarsvið |
| **Unnið af:** | Halla Hallgrímsdóttir |
| **Verkefni/tillaga:** | **Tímabundin fjölgun sérfræðinga til að vinna úr áhrifum Covid-19 á börn og unglinga** |
| **Þjónustuþáttur:** | Stjórnsýsla, sérfræðiþjónusta og ráðgjöf |
| **Stofnun/kostn.st.:** | V1120-Skrifstofa ráðgjafarþjónustu |
| **Fjárhæð:** | 100.000 þ.kr. |
| **Annað:** | |

**Jafnréttisskimun:**

| **Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?** |
|---|
| Vísað er til samþykktar borgarráðs 1 júlí 2021, Samþykkt var að veita 140 m.kr. í heildina. 40 m.kr vour nýtt á árinu 2021 og verða 100 m.kr nýttar á árinu 2022 |
| **Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.** |
| Já, tillagan gengur út á að fjölga tímabundið sérfræðingum til að vinna úr áhrifum Covid-19 á börn |
| **Hvaða hópa snertir tillagan?** |
| Börn |
| **Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og jaðarsetta hópa? Rökstyðjið.** |
| Tillagan mun styrkja þjónustu við börn |
| **Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?[3]** |
| Nei |

[3] Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.

## FMS-EBL-029 Jafnréttisskimun

| **Tilgangur jafnréttisskimunar:** |
|---|
| Með jafnréttisskimun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskimunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsröðun um ráðstöfun fjármuna. Fái tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif. |

**Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:**

| | |
|---|---|
| **Dagsetning:** | 24.01.2022 |
| **Svið:** | Velferðarsvið |
| **Unnið af:** | Halla Hallgrímsdóttir |
| **Verkefni/tillaga:** | **Ás styrktarfélag-nýr samningur og kjarabætur** |
| **Þjónustuþáttur:** | Þjónusta við fatlað fólk |
| **Stofnun/kostn.st.:** | F4120 |
| **Fjárhæð** | 229.864 þ.kr |
| | |
| **Annað** | Ás-Kjarabætur 92.640 þ.kr<br>As-Nýr samningur-óbætt 137.224 þ.kr |

**Jafnréttisskimun:**

| **Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?** |
|---|
| Vísað til samþykktar borgarráðs frá 9. september 2021 liður 12, mál R21080187, Tillaga um þjónustusamning við Ás styrktarfélag. Nýr þjónustusamningur við Ás styrktarfélag gerði ráð fyrir að auka þyrfti fjárheimildir velferðarsviðs um 297.198 þ.kr. á ársgrundvelli. Á árinu 2021 voru fjárheimildir vegna Ás hækkaðar um 159.974 þ.kr. vegna kjarasamningshækkanna áranna 2020 og 2021. Nú eru fjárheimildir hækkaðar um þann mismun sem eftir stendur á nýja samningnum og hækkunum 2021 eða um 137.224 þ.kr.<br>Einnig eru fjárheimildir hækkaðar vegna kjarabóta á árinu 2022 um 92.640 þ.kr. |
| **Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.** |
| Samþykkt tillögunnar sem slíkrar stuðlar að jöfnum rétti fatlaðs fólks til samræmis við ófatlað fólk. |
| **Hvaða hópa snertir tillagan?** |
| Fatlað fólk af öllum kynum |
| **Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og jaðarsetta hópa? Rökstyðjið.** |
| Breytingarnar hafa jákvæð áhrif á stöðu allra kynja og stöðu fatlaðs fólks sem þurfa á þjónustunni að halda.<br>Einnig hefur tillagan áhrif á fjölskyldur þeirra einstaklinga sem nýta sér þjónustuna. |
| **Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?[4]** |
| Nei |

[4] Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.

## FMS-EBL-029 Jafnréttisskimun

| **Tilgangur jafnréttisskimunar:** |
|---|
| Með jafnréttisskimun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskimunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsröðun um ráðstöfun fjármuna. Fái tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif. |

**Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:**

| | |
|---|---|
| **Dagsetning:** | 24.01.2022 |
| **Svið:** | Velferðarsvið |
| **Unnið af:** | Halla Hallgrímsdóttir |
| **Verkefni/tillaga:** | **Konukot-nýr samningur** |
| **Þjónustuþáttur:** | Samingar og styrkir |
| **Stofnun/kostn.st.:** | F3270 |
| **Fjárhæð** | 24.559 þ.kr |
| **Annað** | |

**Jafnréttisskimun:**

| **Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?** |
|---|
| Lagt er til að samningsupphæð við Rótina um rekstur neyðarskýlis fyrir húsnæðislausar konur (Konukot) verði aukin frá núgildandi samningi vegna breytinga á starfseminni og nýjum verkefnum. Hætt verður að reiða sig á framlag sjálfboðaliða og breytingar gerðar á vaktaáætlunum því fylgjandi. Bætt verður við stöðu teymisstýru og breytingar gerðar á launaröðun forstöðukonu vegna þeirra þjónustu sem starfsmenn munu veita þeim konum sem dvelja í smáhúsum í nágrenni Konukots. |
| **Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.** |
| Nei, en að hægt sé að aðstoða fleiri sem eru í þörf á þjónustu stuðlar að jafnrétti. |
| **Hverjir eru markhópar tillögunnar? Beðið er um kyngreindar upplýsingar nema ómögulegt sé.** |
| Heimilislausar konur |
| **Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og jaðarsetta hópa? Rökstyðjið.** |
| Það hefur hallað á konur varðandi neyðarúrræði fyrir heimilsilausa og því stuðlar þessi aukning að frekari jöfnuði milli kynjanna. |
| **Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?[5]** |
| Ekki er talin þörf á jafnréttismati. |

[5] Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.

# FÁST-EBL-029 Jafnréttisskimun

**Tilgangur jafnréttisskimunar:**
Með jafnréttisskimun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við verklag Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskimunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsröðun um ráðstöfun fjármuna. Fái tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif.

**Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:**

| | |
|---|---|
| **Dagsetning:** | 1/-01-2022 |
| **Svið:** | SFS |
| **Unnið af:** | Soffíu Vagnsdóttur / Haukur Þór Haraldsson |
| **Verkefni/tillaga:** | Hópkennsla í hljóðfæraleik |
| **Þjónustuþáttur:** | Tónlist |
| **Stofnun/kostn.st.:** | M3100 – Tónlistarskólar |
| **Fjárhæð:** | Kr. 12.700.000,- |
| **Annað:** | |

**Jafnréttisskimun:**

**Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?**

Árbæjarskóli í samvinnu við Tónlistarskóla Árbæjar bjóði upp á tilraunaverkefni í hópkennslu í hljóðfæraleik

**Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.**

Með fjármagni er verið að stuðla að jafnrétti til tónlistarnáms, en skort hefur tækifæri fyrir grunnskólanemendur.

**Hverjir eru markhópar tillögunnar? Beðið er um kyngreindar upplýsingar.**

Grunnskólabörn óháð kyni.

**Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og jaðarsetta hópa? Rökstyðjið.**

Tillagan hefur áhrif á heila árganga í grunnskóla óháð kyni eða stöðu þeirra.

**Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?[1]**

Nei.

[1] Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.

# FÁST-EBL-029 Jafnréttisskimun

| |
|---|
| **Tilgangur jafnréttisskimunar:**<br>Með jafnréttisskimun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við verklag Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskimunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsröðun um ráðstöfun fjármuna. Fái tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif. |

**Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:**

| | |
|---|---|
| **Dagsetning:** | 23/01-2022 |
| **Svið:** | SFS |
| **Unnið af:** | Ólafur Bjarkason / Haukur Þór Haraldsson |
| **Verkefni/tillaga:** | Stuðningur við ráðningar- og mannauðsmál í leikskólum |
| **Þjónustuþáttur:** | Ráðningar |
| **Stofnun/kostn.st.:** | 09205 |
| **Fjárhæð:** | Kr. 20.000.000- |
| **Annað:** | |

**Jafnréttisskimun:**

| |
|---|
| **Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?** |
| Að styðja við ráðningar í leikskólum með ráðningu mannauðsráðgjafa í heilt ár í 100% stöðu sem styður sérstaklega við leikskóla. Einnig að ráðið verði í 100% stöðu úr röðum núverandi eða fyrrvarandi leikskólastjóra til að styðja sérstaklega við leikskólastjórnendur. |
| **Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.** |
| Í öllum ráðningum í leikskóla eru karlmenn hvattir til að sækja um störf í leikskóla jafn á við konur. |
| **Hverjir eru markhópar tillögunnar? Beðið er um kyngreindar upplýsingar.** |
| Leikskólastjórnendur og starfsfólk leikskóla. |
| **Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og jaðarsetta hópa? Rökstyðjið.** |
| Tillagan hefur sömu áhrif á alla hópa sem hafa áhuga á að starfa í leikskóla. |
| **Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?[1]** |
| Nei. |

[1] Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.

Reykjavíkurborg
Fjármálaskrifstofa

| | |
|---|---|
| Númer skjals: | FMS-EBL-029 |
| Skjalalykill: | 02.01 Fjárhagsáætlun |
| Útgáfa: | 1 |
| Útgáfudags.: | 13.07.2018 |
| Síðast rýnt / næst rýnt: | 2020 / 2021 |
| Ábyrgðarmaður: | Skrifstofustjóri áætlana- og uppgjörs |

# FMS-EBL-029 Jafnréttisskimun

| **Tilgangur jafnréttisskimunar:** |
|---|
| Með jafnréttisskimun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við verklag Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskimunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsröðun um ráðstöfun fjármuna. Fái tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif. |

**Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:**

| | |
|---|---|
| **Dagsetning:** | Janúar 2022 |
| **Svið:** | Meningar- og ferðamálasvið |
| **Unnið af:** | Huld Ingimarsdóttur |
| **Verkefni/tillaga:** | Harpa |
| **Þjónustuþáttur:** | Viðbótarframlag til Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss vegna Covid-19 |
| **Stofnun/kostn.st.:** | 03145 |
| **Fjárhæð:** | 116.000 þ.kr. |
| **Annað:** | |

**Jafnréttisskimun:**

| **Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?** |
|---|
| Þetta viðbótarframlag verður nýtt til að mæta þungri og ófyrirsjáanlegri fjárhagstöðu Hörpu sökum lokunar og ýmissa takmarkana vegna COVID-19. Gert er ráð fyrir sambærilegur framlagi ríkisins er nemur 54% eignarhlut, eða 136.188 þ.kr. og svo 46% eingarhlutar Reykjavíkurborgar, eða 116.000 þ.kr. Fjárhagsáætlun Hörpu gerir ráð fyrir að EBIDTA verði neikvæð sem nemur 252,2 m.kr. og tekur þessi tillaga um viðbótarframlag mið af því. |
| **Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.** |
| Tillagan nýtist öllum viðskiptavinum Hörpu og Reykjavíkurborg stendur við sínar skuldbindingar og samninga |
| **Hverjir eru markhópar tillögunnar? Beðið er um kyngreindar upplýsingar nema ómögulegt sé.** |
| Allir gestir Hörpu |
| **Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og jaðarsetta hópa? Rökstyðjið.** |
| Jákvæð áhrif fyrir alla viðskiptavini |
| **Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?**[1] |
| Nei |

[1] Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.

Reykjavíkurborg
Fjármálaskrifstofa

| | |
|---|---|
| Númer skjals: | FMS-EBL-029 |
| Skjalalykill: | 02.01 Fjárhagsáætlun |
| Útgáfa: | 1 |
| Útgáfudags.: | 13.07.2018 |
| Síðast rýnt / næst rýnt: | 2020 / 2021 |
| Ábyrgðarmaður: | Skrifstofustjóri áætlana- og uppgjörs |

# FMS-EBL-029 Jafnréttisskimun

| **Tilgangur jafnréttisskimunar:** |
|---|
| Með jafnréttisskimun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við verklag Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskimunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsröðun um ráðstöfun fjármuna. Fái tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif. |

**Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:**

| | |
|---|---|
| **Dagsetning:** | 24.01.2022 |
| **Svið:** | SBB |
| **Unnið af:** | Verkefnastjóri lýðheilsumála/faghópur um lýðheilsu |
| **Verkefni/tillaga:** | Lýðheilsusjóður heilsueflandi hverfa |
| **Þjónustuþáttur:** | |
| **Stofnun/kostn.st.:** | 09205 |
| **Fjárhæð:** | 30.000.000 |
| **Annað:** | |

**Jafnréttisskimun:**

| **Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?** |
|---|
| Í tilraunaskyni árin 2022-2023 er komið á fót lýðheilsusjóði Heilsueflandi hverfa þar sem árlega er 30 milljónum úthlutað til þjónustumiðstöðva í framkvæmd verkefnisins, sem deilist skv. íbúa- fjölda. Reykjavíkurborg er virkur þátttakandi í starfi Embættis landlæknis um Heilsueflandi samfélag og er þessi tillaga mikilvægur liður í að styrkja þjónustumiðstöðvar hverfanna í heilsueflandi aðgerðum. |
| **Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.** |
| Verkefnastjórar sem sjá um framkvæmd verkefnisins á þjónustumiðstöðinni bera ábyrgð á úthlutun skv. úthlutunarreglum sjóðsins og skila yfirliti með rökstuðningi í lok október ár hvert. Tekið skal tillit til samfélagslegrar stöðu, tekjur, menntunar, hinsegin fólks í rökstuðningi við úthlutun. Heilsueflandi samfélag tekur tillit til mismunandi samfélagshópa og snúa aðgerðir almennt að jöfnuði til heilsu. |
| **Hverjir eru markhópar tillögunnar? Beðið er um kyngreindar upplýsingar nema ómögulegt sé.** |
| Markhópar eru íbúar reykjavíkur í heild sinni, verkefnin hafa mismunandi áherslupunkta en markmiðið er að auka heilsujöfnuð og heilsulæsi út frá markmiðum heilsueflandi samfélags. Lagt verður upp úr því að greina verkefnin út frá jafnréttissjónarmiðum og tryggja það að verkefnin snerti umhverfi sem flestra bæjarbúa. |
| **Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og jaðarsetta hópa? Rökstyðjið.** |
| Talið er að verkefnið hafi jákvæð áhrif á stöðu kynjanna og jaðarsetta hópa, þar sem það er sérstaklega leitað leiða til að ná til sem flestra íbúa í gegnum aðgerðir. |
| **Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?**[1] |

[1] Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.

| |
|---|
| Nei, ekki að svo stöddu |

## FMS-EBL-029 Jafnréttisskimun

| |
|---|
| **Tilgangur jafnréttisskimunar:**<br>Með jafnréttisskimun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskimunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsröðun um ráðstöfun fjármuna. Fái tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif. |

**Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:**

| | |
|---|---|
| **Dagsetning:** | |
| **Svið:** | Íþrótta- og tómstundasvið |
| **Unnið af:** | Andrés B. Andreasen |
| **Verkefni/tillaga:** | **Tónlistarfélag Árbæjar húsaleigustyrkur** |
| **Þjónustuþáttur:** | ITR600 |
| **Stofnun/kostn.st.:** | I9320 |
| **Fjárhæð:** | 10.000.000 kr. |
| **Annað:** | |

**Jafnréttisskimun:**

| |
|---|
| **Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?** |
| Hlutverk Tónlistarfélags Árbæjar er að efla tónlistarstarf hjá ungu fólki í austurhluta borgarinnar. Meginmarkmið Tónlistarfélagsins er að vekja áhuga, hvetja og efla ungt fólk í Reykjavík til iðkunnar í tónlist, sjálfum sér og öðrum til ánægju og aukins þroska og auðga um leið menningarlíf hverfisins. |
| **Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.** |
| Nei |
| **Hvaða hópa snertir tillagan?** |
| Tónlistariðkendur í austurhluta borgarinnar, ungt fólk í Árbæ og nær liggjandi hverfum. |
| **Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og jaðarsetta hópa? Rökstyðjið.** |
| Þeir sem stunda tónlistarnám í Reykjavík og nýta sér frístundakortið eru alls 988 börn á aldrinum 6-18 ára. Þar af eru 680 stúlkur og 308 drengir. Gera má því ráð fyrir því að tillagan muni því nýtast fleiri stúlkum. |
| **Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?[1]** |
| **Nei** |

[1] Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.